

Mál nr. 176/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 11. maí 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M og fjölskylda hans urðu fyrir slysi í hestaferð á vegum X þann 13. júlí 2025. Kemur jafnframt fram að öll fjölskyldan, foreldrar og þrjú börn, hafi dottið af baki og hlotið magvísleg meiðsli. Samkvæmt lýsingu Y, leiðsögumanns í ferðinni, í lögregluskýrslu fór hún með hópinn, í klukkutíma reiðtúr. Hafi þau verið á leið austur tiltekinn veg og rétt ókomin að T-gatnamótum þegar hvítri bifreið hafi verið ekið hratt að þeim, aftan frá, með þeim afleiðingum að hrossin hafi fælst undan knöpunum með þeim afleiðingum að þau hafi öll dottið af baki. Í gögnum málsins er m.a. haft eftir samstarfsmanni Y að hún hafi séð bíl sem ekið var hratt vera mjög nálægt hestunum, þ.e. fyrir aftan þá.

Að mati M má m.a. rekja slysið til þess að leiðsögn og skipulagi hafi verið ábótavant, starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi auk þess sem hann hafi ekki verið nema 15 ára. Öryggi þátttakenda hafi því ekki verið tryggt. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Því hefur V hins vegar hafnað. Það sættir M sig ekki við. Telur M að leiðsögn hafi verið af skörnum skammti enda hafi einungis einn 15 ára leiðsögumaður verið með fimm manna fjölskyldu, þar af þrjú börn undir 18 ára aldri, sem öll voru óvön hestum. Metur M það svo að það hefði í það minnsta þurft tvo leiðsögumenn til að sinna hópnum. Þá hafi umræddur leiðsögumaður einungis verið 15 ára þegar slysið varð sem M telur að hafi verið ólöglegt af hálfu X. Þá hafi starfsmaðurinn tekið ákvörðun um að fara með hópinn á akveg þrátt fyrir að vita að bílar færu þar um. Auk þess hafi sú ákvörðun leiðsögumanns að taka einn hest með barni í taum stórlega skert möguleika hennar á að bregðast við hættu er upp kynni að koma. Þá hafnar M því að slysið verði alfarið rakið til notkunar ökutækis eða að M hafi ekki fylgt fyrirmælum um að halda í tauminn með báðum höndum. Máli sínu til frekar stuðnings byggir M m.a. á að það hafi verið ólöglegt af hálfu X að fela 15 ára einstaklingi leiðsögn með hópnum. Vísar M þar til 10. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013, þar sem fram komi að óheimilt sé að fela börnum yngri en 18 ára einum ábyrgð á dýrum. Er jafnframt bent á að í umfjöllun í frumvarpi með þeim lögum komi fram að sjónarmiðið að baki þessu séu þau að börn á þessum aldursskeiði séu almennt ekki fær um að bera alfarið ein ábyrgð á dýrum sökum þroskaleysis. Þá telur M að það fari í bága við 62. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að ráða ungmenni til hættulegrar vinnu.

Í athugasemdum V er tekið fram að skaðabótaskyldu X hafi verið hafnað þar sem V telur að M hafi ekki náð að sýna fram á að tjón hans megi rekja til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna hans í tengslum við aðbúnað, skipulagningu eða framkvæmd ferðarinnar. Almennar sönnunarreglur geri ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði um að skilyrði bótaréttar séu uppfyllt vegna slíkrar ábyrgðar. M byggir m.a. á því að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar og öryggis ekki gætt þar sem leiðsögn hafi verið af skörnum skammti, leiðsögumaður hafi verið reynslulítill og ung og hún hafi aðeins verið ein með fimm manna hóp. Þessum málsástæðum hafnar V og bendir á að samkvæmt upplýsingum frá X hafi allar venjubundnar öryggisráðstafanir verið viðhafðar og áður en lagt var af stað hafi verið farið yfir öryggisatriði og leiðbeiningar með hópnum. Þar hafi m.a. verið farið yfir það hvernig fara eigi á bak, hvernig skuli sitja, beygja, stöðva og fara af baki. Leiðsögumenn aðstoði alltaf fólk við að fara á og af baki. Þá sé sérstaklega farið yfir það að undir engum kringumstæðum megi setja hendur upp og öskra. Telur V því að leiðsögn hafi verið eins og best var á kosið. Hvað aldur og meint reynsluleysi leiðsögumannsins varði þá bendir V á að umræddur starfsmaður hafði starfað hjá X í tæp fjögur ár þegar slysið varð og hafði fyrir það umtalsverða reynslu af hestamennsku. Þá hafði hún farið í fjölda hestaferða og rekstra og tekið þátt í starfsemi hestaleigunnar

frá stofnun hennar. Er þeirri málsástæðu því alfarið hafnað að hún hafi verið of reynslulítill til að stýra ferðinni. V bendir einnig á að aldur einn og sér sé ekki góður mælikvarði á hæfni í hestamennsku heldur vegi reynsla og færni þyngst. Þá vísar V til þess að M byggir jafnframt á 10. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og að X hafi brotið gegn því ákvæði. Hvað þetta varðar þá bendir V á að leiðsögumaðurinn hafi ekki ein borið ábyrgð á hestunum líkt og fram komi í 3. mgr. 10. gr. sem kærandi byggir mál sitt á. Nærtækara sé að líta til 2. mgr. 10. gr. laganna þar sem kveðið sé á um að rekstararaðilar leyfisskylds dýrahalds skuli sjá til þess að starfsfólk sem sér um umönnun dýra búi yfir nægilegri hæfni og þekkingu á viðkomandi sviði, nokkuð sem V telur að umræddur leiðsögumaður hafi gert. Þá vísar M, máli sínu til stuðnings, í reglur Umhverfisstofnunar, um skilyrði starfsleyfis fyrir hestaleigur og reiðskóla, annars vegar og í gæðaviðmið Ferðamálastofu hins vegar. Bendir V á að þessar reglur séu huglægar og þar sé ekki nánar útskýrt hvað sé t.d. átt við með því að það þurfi að vera nægjanlegur fjöldi starfsmanna til að tryggja öryggi knapa, hvað teljist nægjanleg reynsla af leiðsögn í hestaferðum og hvað felist í kunnáttu sem leiðsögumenn þurfa að hafa til að velja hesta. Samkvæmt verklagsreglum X sé einn leiðsögumaður með hópa sem telji allt að fimm manns. Þegar hópar séu stærri sé leiðsögumönnum fjölgað í samræmi við það, þ.e. tveir leiðsögumenn með allt að tíu manna hóp. Telur V því ljóst að fjöldi starfsmanna hafi verið innan marka og í samræmi við verklagsreglur. Þá hafi allir hestarnir sem fjölskyldan reið út á verið þekktir fyrir að vera sérlega gæfir og verið sérvaldir til notkunar í hestaleigu. Þeir hafi verið vanir fjölbreyttum aðstæðum og óvönnum knöpum. Þá bendir V á að X sé með öll tilskilin leyfi. Þá er því einnig hafnað að leiðsögumaðurinn hafi ekki fylgst með því sem var að gerast heldur einungis riðið á sínum hesti og ekki sagt neitt eða fylgst með. Í þessu sambandi vísar félagið í yfirlýsingu leiðsögumannsins sem um ræðir, en þar komi fram að sonurinn hafi í upphafi átt í örlitlum erfiðleikum með sinn hest. Hafi hún brugðist við því með því að taka hestinn í aukataum. Þetta sýni að mati V að leiðsögumaðurinn hafi verið vel vakandi fyrir aðstæðum og gætt fyllsta öryggis. Eftir það hafi hestarnir verið til fyrirmyndar og það hafi ekki verið fyrr en bifreið nálgadist hópinn með þeim hætti sem lýst sé í gögnum málsins að hestarnir hafi fælst.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni M og fjölskyldu hans. Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

M byggir kröfu sína m.a. á því að tjónið verði rakið til þess að leiðsögn og skipulagi hafi verið ábótavant, starfsmaður hafi sýnt af sér gáleysi auk þess sem hann hafi ekki verið nema 15 ára. X hafi því ekki séð til þess að öryggi þátttakenda væri tryggt. Hins vegar hefur M ekki lagt fram önnur gögn kröfu sinni til stuðnings en eigin frásögn og rökstuðning. Þannig liggja ekki fyrir nein þau sérfræðigögn í málinu sem nefndin telur að hægt sé að byggja þá niðurstöðu á að tjónið verði rakið til tiltekinna athafna eða athafnaleysis sem leiði til skaðabótaábyrgðar X. Þau gögn sem þó liggja fyrir benda fremur til þess að meginorsök þess að svo fór sem fór hafi verið sú að bifreið var ekið að hrossunum aftan frá. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að þó vissulega hafi leiðsögumaðurinn einungis verið 15 ára, þýðir það ekki sjálfkrafa að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi hennar. Eins og áður hefur komið fram ber M að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til sakar X eða starfsmanna X. M hefur ekki tekist sú sönnun og á því ekki rétt á að fá tjónið bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X eru með hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir